

Nd.

616. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Fjárlaganefndin hefir tekið til athugunar frumvarpið eins og háttv. deild hefir skilið við það við 2. umræðu. Þótt nefndin sjái eigi færi á því að lagfæra þær breytingar á frumv. sem orðið hafa við 2. umr. og að hennar dómi eru í lakari áttina, leyfir hún sjer, að koma með nokkrar breytingatillögur. Verða þær aðallega skýrðar í framsöggunni, en þó vill nefndin í sambandi við þær og frumv. gera nokkrar athugasemdir:

1. Úr því deildin vildi hækka fjeð til byggingar nýrra síma, þrátt fyrir mikla óvissu um, að framkvæmdir verði í því efni, vill nefndin láta standa á 50,000 kr. hvort árið, og að það sje tekið svo upp, að það sje á valdi stjórnarinnar, ef til símalagninga kemur fyrra árið, hverjir símar verði lagðir. Fyrirheiti Alþingis 1915, nær til símalagninga, sem alls kosta yfir 90,000 kr. að frá-dregnum tillögum hjeraða (sjá Alþtíð. 1914, bls. 597, sbr. bls. 593). Þar var þó gleymt Grenivíkursímanum, sem stendur í lögnum fremstur 3. flokks síma, eins og brjef landsímastjórans sem hjer með fylgir (Fylgiskj. á þingskj: 627) her með sjer, og verður með engu móti settur aftur fyrir hina. Þegar nú fjárveit-ingin bæði árin eigi hrekkur til meira, en þeirra síma, er þannig standa jafnt mjög að vígi, þá virðist nefndinni rjettast, að leggja á vald stjórnarinnar, að haga því eftir ástæðum, hvernig símalagningarnar skiftast á árin, þar sem það er á hennar valdi, hvort nokkrar símalagningar komast til framkvæmda á tímabilinu.
2. Hin háttvirta deild gat eigi fallist á þá tillögu fjárlaganefndar að spara nýjar vitabyggingar að mestu á fjárhagstímabilinu. Úr því svo fór, virðist nefnd-inni engin ástæða til þess, að fella burtu Bjarnareyjar- og Akranessvita, því sá sparnaður dregur ekki svo, að hann nái tilgangi nefndarinnar. Hún legg-ur því til, að allir sömu vitar sjeu teknir upp, sem í stjórnarfrumv. voru, en í þeirri röð sem vitaumsjónarmaður lagði til við nefndina, að þeim væri væri skipað í, eftir því sem hann taldi þá áriðandi. En þó vill og nefndin, að um þessar vita vitabyggingar gildi sama undanþága fyrir landsstjórnina, sem um símalagningarnar.
Nefndin gerir enga tillögu um, að bæta við reksturskostnaði við hina fyrirhuguðu vita, með því, að þeir eru í þessari óvissu. Stjórnin hlýtur að hafa, ef til kemur, heimild til að taka fje til reksturskostnaðar þeirra.
3. Hækkun sú, er nefndin stingur nú upp á, á tímakenslufje Kennaraskólans, er svo til komin: Sigurður Guðmundsson magister hefir að undanfögnu verið kennari í fjarveru Björns Bjarnarsonar, sem sökum heilsu sinnar dvelur enn erlendis. Birni hefir verið leyft, að halda kennaraembættinu, ef hann setti mann í sinn stað við kensluna. Sigurður vill eigi una við það kaup, sem hægt er að fá einhvern og einhvern annan færan mann til að ganga að, en

skólastjóri vill með engu móti missa Sigurð á meðan Björn er fjarverandi, og fer því fram á 800 kr. hækkun fyrra árið til aukakenslu, til þess að Sigurður geti fengið það kaup fyrir kenslu sína, sem hann eftir ástæðum sínum geti unað við.

4. Eftir umsókn frá formanni stjórnarnefndar búnaðarskólans á Eiðum, hefir fjárlaganefndin samþykkt að færa styrk til skólans úr kr. 2500 upp í kr. 3000. Nefndin verður að játa, að styrkur til skólans er lágur, borinn saman við fjárveitingar til annara skóla. En sjerstakar ástæður til þessarar hækkunar eru þær, að breytt hefir verið fyrirkomulagi skólans og því komið í líkt horf og á bændaskólum landsins. Auk þess hefir orðið að hækka kaup kennara, og ennfremur er gert ráð fyrir að námsstyrkur verði veittur meiri en áður hefir verið. Loks má á það minna, að verðhækkun á kolum og olíu og fleiru, kemur mjög tilfinnanlega niður á þessum skóla eins og öðrum. Þetta hefir alt aukin gjöld í för með sjer, en fjárhagur skólans hefir verið mjög þröngur að undanfögnu og þolir ekki aukin útgjöld. Vill því nefndin mæla með þessari hækkun.
5. Ráðherra skýrði nefndinni frá, að af fje því, sem veitt væri á núgildandi fjárlögum til styrktar barnaskólabyggingum utan kaupstaða, mundi nokkuð til drátta, mäske upp undir 14000 kr., verða óeytt í lok tímabilsins. Þennan afgang ætlast nefndin til, að að stjórnin hafi heimild til að veita á næsta fjárhagstimabili í sama augnamiði og með sömu skilyrðum og í núgildandi fjárlögum, sökum þess, að samskonar liður var alveg feldur burt af fjárlagafrumvarpinu.
Í sambandi við liðinn B. XII. 6. í 14. gr. vill nefndin geta þess, að Helgi Salómonsson barnakennari hefir sótt um utanfararstyrk, og óskar nú að sjer yrði ánafnaður styrkurinn á þessum lið síðara árið, á sama hátt eins og Steingr. Arasyni fyrra árið. Vegna afspurnar þeirrar, er nefndin hefir fengið af þessum umsækjanda, vill hún mæla með því, að hann fái að njóta góðs af nefndum styrk síðara árið.
6. Samúel Eggertsson sækir með brjefi 23. f. m. til Alþingis um styrk til þess meðal annars að gera landslagsuppdrátt af Íslandi. Fylgja meðmæli fræðslumálastjórans þessari umsókn, og er hvorutveggja, að hann telur mikla nauðsyn á slíkum uppdrætti og ber hið besta traust til umsækjandans til þess að leysa þetta vandaverk sæmilega af hendi. Nefndin felst á að veita herra Samúel Eggertssyni 1000 kr. f. á. í þessu skyni.
7. Ennfremur leggur nefndin til, að herra Age Meyer Benediktsen sje veittur 500 kr. styrkur til þess að gefa út á dönsku ritgerð Guðmundar landlæknis Björnssonar »um þjóðfána og önnur flögg, notagildi þeirra og merkingu«, sem er einn bálkurinn í fánabókinni.
Nefndin lítur svo á, að það sje þarft verk, að leiðrjetta þann misskilning á fánamáli voru og afstöðu vorri til að hafa sjerstakan þjóðfána, sem mun vera talsvert almennur í Danmörku og víðar.

8. Við nánari athugun komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að hvorki væri þarft nje holt, að veita eins og að undanfögnu hefir verið um rúm 20 ár, *tveimur mðnnum árlega* styrk til að nema dýralækningar. Engar líkur sjeu til, að hjer verði fleiri en 4 dýralæknisembætti og nú lítur út fyrir, að bráðum fáist nægir meun útlærðir í þau. Verði þá nóg viðkoma úr því, ef stöðugt er einn maður efnilegur að námi, en ekki holt, að draga fleiri á þá braut, en þörf er á, af því námið er talsvert dýrt, en lítið í aðra hönd að hafa hjer á landi fyrir embættislausu dýralækna. Þess vegna leggur nefndin til, að styrkur til dýralækninganáms sje síðara árið miðaður einungis við einn nemanda, og ætlast til, að svo verði framvegis.
9. Nefndin hefir fengið brjef frá landsverkfræðingnum viðvíkjandi bryggju í Búðardal, sem kaupfelag Hvammsfjarðar hefir trygt með 300 kr. styrk úr sýslusjóði. Kemur það í ljós, að landsverkfræðingurinn hefir munnlega lagt ráð á um veggjagjörð bryggjunnar. Nefndin hefir og fengið upplýsingar um það frá formanni fjelagsins, að bryggjan kosti um 2800 kr. Sjest á þessu, að styrkur sá er samþykktur var við 2. umræðu til bryggju þessarar, hefir verið æði mikið út í bláinn. Nefndin telur nóg, að þingið styrki bryggjugjörð þessa með 1000 krónum.
10. Á frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árin 1914 og 1915 var tekin í efri deild athugasemd um það, að eftirlaun prófastsekkju Ástu Þórarinsdóttur skuli reiknast 300 kr. Þessa athugasemd aðhyllist nefndin, og býst við hún verði samþykkt hjer í deildinni. En þá er óþarft að hafa í 18. gr. viðbót við eftirlaun sömu konu kr. 129,94, og gæti jafnvel skoðast, sem viðbót við 300 kr. eftirlaun, en það átti að vera viðbót við kr. 170,06, sem Stjórnarráðið hafði úrskurðað.
11. Nefndin vill heimila stjórninni, að veita stöðvarstjóra og póstafræiðslumanni Jósep Blöndal á Siglufirði 6000 króna lán til steinsteypuhúss, er hann hefir bygt og virt er á 15000 kr. Þar er símastöð og póstafræiðsla í húsinu og og trygging fyrir að allvel fari um hvorutveggja. Á húsinu hvilir nú 4500 kr. skuld með 1. veðrjetti. Nefndin væntir þess, að sveitastjórnin í Hvanneyrarhreppi muni ganga í ábyrgð fyrir láninu að því leyti sem 2. veðrjettur í húsinu ekki nægir.

Neðri deild Alþingis, 27. ágúst 1915.

Sveinn Björnsson, Pjetur Jónsson, Þórarinn Benediktsson.
formaður. skrif. og framsögum.

Björn Kristjánsson. Skúli Thoroddsen. Eggert Pálsson. Sigurður Sigurðsson.